



Alþingi
Erindi nr. P/132/1238
komudagur 9.3.2006 Kópavogi, 6. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
B.t. Elísabet Rán Andrésdóttir, nefndarritari
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Íþróttá- og tómstundaráðs Kópavogs um frumvarp til æskulýðslaga, 434. mál 132. löggjafarþings 2005-2006.

Íþróttá og tómstundaráð Kópavogs skipa:

Una María Óskarsdóttir formaður
Jóhanna Thorsteinsson varaformaður
Sturla R. Guðmundsson
Einar Kristján Jónsson
Þór Ásgeirsson

Íþróttá- og tómstundaráð Kópavogs (hér eftir nefnt ÍTK) fagnar framkomnu frumvarpi til æskulýðslaga, þar sem ljóst er að núverandi lög um æskulýðsmál nr. 24/1970 hafa löngu gengið sér til húðar og full þörf er á að málaflökkurinn verði endurskoðaður. ÍTK vill ennfremur lýsa yfir sérstakri ánægju sinni með að fá frumvarpið til umsagnar í ljósi þess að sveitarfélagið hefur með höndum og stýrir umfangsmiklu æskulýðsstarfi.

Æskulýðsmál hafa hingað til ekki hlotið mikla umfjöllun á hinu háa Alþingi. Formaður ÍTK, Una María Óskarsdóttir, nýtti þó tækifærið, þegar hún kom sem varþingmaður inn á Alþingi í apríl s.l. og beindi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um æskulýðsmál. Þar sagði hún m.a.:

„Hæstv. forseti. Þegar unnið er að endurbótum laga um æskulýðsmál skyldi maður ætla að heppilegast væri að leita liðsinnis, skoðana og reynslu þeirra aðila sem sinna því mikilvæga æskulýðsstarfi sem fram fer hér á landi. Því vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvaða samvinna hafi verið höfð við sveitarfélögin í landinu við endurskoðun laganna?“

Nýtt frumvarp til æskulýðslaga mun vonandi verða til þess að umræðan um mikilvægi æskulýðsstarfs eflist og fái það vægi sem henni ber.

Æskulýðsstarfsemi á vegum sveitarfélaga á Íslandi er mjög umfangsmikil, má þar nefna starfsemi félagsmiðstöðva, unglinga- og ungmennahúsa sem og annarra frístundaheimila. **ÍTK telur það því brýnt að ný æskulýðslög nái yfir starfsemina í heild og vægi sveitarfélaganna verði gert hærra undir höfði. Einnig er mikilvægt að í greinargerð sem sett yrði með frumvarpinu væri skýrt kveðið á um starfsemina.**

Athugasemdir við II. kafla

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um stjórn æskulýðsmála. Í 6. gr. 2. lið er tiltekið að hlutverk Æskulýðsráðs sé að gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum. **ÍTK veltir því fyrir sér hvort það eigi að vera hlutverk æskulýðsráðs ríkisins að móta stefnu og gera tillögur um áherslur er varðar æskulýðsstarfsemi í sveitarfélögum.**

Athugasemd við III. kafla

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um Æskulýðssjóð. Þar sem æskulýðsstarfsemi hér á landi er mjög víðfem er mikilvægt að tryggt verði að úthlutanir úr Æskulýðssjóði verði á sem breiðustum grunni og má æskulýðsstarf sveitarfélaganna ekki vera þar undanskilið. ÍTK finnst það gagnrýnisvert að hingað til hefur æskulýðsstarf sveitarfélaga ekki fengið styrki úr sjóðnum þrátt fyrir margar umsóknir. **ÍTK telur því mikilvægt að í kaflanum um æskulýðssjóð verði kveðið nánar á um úthlutanir úr sjóðnum, og/eða í reglugerð um hann þannig að réttlát skipting fjár verði tryggð.**

Athugasemd við V. kafla


V. kafli frumvarpsins ber yfirskriftina: Stuðningur sveitarfélaga við æskulýðsstarf. Í 11. gr. 1. mgr. er talað um *frjálst æskulýðsstarf*. ÍTK telur óljóst hvað átt er við með þessu orðalagi, „*frjálst æskulýðsstarf*.“ **ÍTK leggur því til að orðið *frjálst* falli út.**

Athugasemd við VI. kafla


Í VI. kafla er fjallað um æskulýðsrannsóknir og tekur 12. gr. 2.mgr. til þess að ráðherra skipi fimm manna ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. ÍTK telur að Æskulýðsráð geti sinnt þessu hlutverki og verið ráðherra til ráðgjafar um æskulýðsrannsóknir. **ÍTK leggur því til að 2. mgr. 12. greinar frumvarpsins falli niður.**

ÍTK vill að endingu hvetja til aukinnar umræðu og vandaðrar vinnu um þennan mikilvæga málaflokk sem æskulýðsmál eru. Með breyttu þjóðfélagi verður gott æskulýðs- og tómstundastarf enn mikilvægara. Skipulagt starf af þessu tagi, t.d. af hálfu sveitarfélaganna, getur án efa leitt til þess að beina börnum og ungmennum inn á heilbrigða braut góðra lífshátta. Það er og hlutverk ráðamanna að framboð æskulýðsstarfs sé fjölbreytt og gott, því þannig má auka líkur á því að hver og einn finni sér verkefni við hæfi. Verkefni sem efla sjálfsmynd einstaklingsins og færni til þess að takast á við lífið.

Virðingarfyllst, f.h. Ípróttá- og tómstundaráðs Kópavogs


Jón Júlíusson Deildarstjóri ÍTK




Linda Udengard æskulýðs- og forvarnarfulltrúi


Una María Óskarsdóttir formaður ÍTK.